

L Ö G

um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum
eða geislataekjum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Enginn má eiga, framleiða, flytja til landsins, selja eða láta af hendi geislavirk efni, hvort sem þau eru ómengduð, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, né heldur tæki, sem hæf eru til að framleiða jónandi geisla (röntgengeisla, gammageisla, betageisla, elektrónugeisla, alfageisla, nevtrónugeisla og aðra efnisgeisla), nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. veitir ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, að fengnum meðmælum landlæknis. Umsóknir um leyfi þessi skulu rituð á sérstök eyðublöð, er ráðherra lætur gera.

3. gr.

Eigi þarf leyfi samkvæmt lögum þessum til að eiga, framleiða, flytja til landsins, selja eða láta af hendi eftirtalin geislavirk efni og tæki, enda sé geislun frá þeim eigi hærrí en ákveðið er með reglugerð á hverjum tíma:

1. Úraníum og efni, sem innihalda úraníum, svo og efni, er innihalda ekki yfir tíu hundradshluta af þóríum miðað við þunga, svo fremi að efni þessi hafi ekki með sérstakri meðferð verið auðguð að geislavirkum efnum fram yfir það, sem verður við eðlilegar kjarnabreytingar í jafnvægi.

2. Geislavirk frumefni í eðlilegu ástandi, þau sem ekki tilheyra úraníum-, radíum-, úraníum-aktíníum- og þóríum-efnaflokkunum, svo og efnasambönd þessara frumefna, enda innihaldi þau ekki meira af geislavirkum ísótópum en gerist um efni þessi í náttúrunni.

3. Sjálflýsandi úr, vasaáttavita, mæla og önnur þess konar tæki, sem innihalda lítið magn af geislavirkum efnum.

4. Ratsjár, sveiflusjár, sjónvarpstæki, sendilampa og rafeindasjár og önnur slík tæki, enda séu þau eigi ætluð til að framleiða jónandi geisla.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð skoðunargjöld fyrir eftirlit samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hann setur og reglur um nauðsynlegar öryggisráðstafanir um geymslu, notkun, framleiðslu, flutning og aðra meðferð geislavirkra efna og geislataekja og um eftirlit með því, að gætt sé hinna boðnu öryggisráðstafana.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Nú finnast geislavirk efni eða geislataeki, sem leyfi þarf til að eiga eða hafa undir höndum, en slík leyfi skortir, skulu þá efnin og tækin vera upptæk og eign ríkissjóðs.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sérhver sá, sem á eða hefur undir höndum geislavirk efni eða geislatæki, þau er leyfi þarf til að eiga eða hafa undir höndum samkv. 1. gr., sbr. 3. gr., skal innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara hafa sótt um tilskilin leyfi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1961, eru veittar kr. 121 792 086.75 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstur og sími	kr.	36 359 218.88
af kr. 37 795 167.96 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
2. Ríkisútvarp	—	5 193 201.98
en tekjur fóru kr. 1 453 766.50 fram úr fjárlagaáætlun.		
3. Viðtækjaverzlun	—	401 559.09
af kr. 750 958.12 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
4. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	868 176.53
en tekjur fóru kr. 687 750.47 fram úr fjárlagaáætlun.		
5. Landssmiðjan	—	223 497.40
af kr. 376 119.82 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6. Tunnuverksmiðjur	—	1 025 219.27
af kr. 1 025 219.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7. Innkaupastofnun ríkisins	—	1 171 116.63
af kr. 1 571 833.45 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8. Bessastaðabú	—	402 834.55
en tekjur fóru kr. 230 429.99 fram úr fjárlagaáætlun.		
9. Vífilsstaðabú	—	58 721.18
af kr. 99 649.01 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10. Kópavogsbú	—	30 853.85
af kr. 54 338.33 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		